Nd. **321. Nefndarálit** [125. mál]

um frv. til laga um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum, en varð eigi að fullu sammála um afgreiðslu þess. Fjórir undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

1. Á eftir orðinu „Rípurhreppi" í 1. málsgr. komi: enda verði hún gerð að ættaróðali.
2. Aftan við 1. málgsr. bætist nýr málsliður, þannig: Sama gildir um þann hluta jarðarinnar, sem um ræðir í 1. málslið, ef ábúandi gengur frá.

Einn nefndarmaður, Karl Guðjónsson, er andvígur frumvarpinu.

Alþingi, 26. febr. 1963.

Jón Pálmason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Helgi Bergs.

Jónas Pétursson.